


DESEMBER 1968 25

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



EFNI:

Bls.

| | |
|---|----|
| Forsðumynd: Stjörnuathuganastöð – Stjörnusambandsstöð | 2 |
| Úr ritgerðum eftir Pétur Gíslason | 3 |
| Markverður fyrirburður, Þ. G. | 5 |
| Um spádóma, Þ. J. | 5 |
| Árétting, Þ. J. | 6 |
| Stuðlar og rím, Þ. J. | 8 |
| Svifdraumar, I. A. | 9 |
| Ljóshöttur í draumi, I. A. | 11 |
| Íslensk fræði og erlend, Þ. G. | 11 |
| Fundargerðir | 13 |
| Frá sambandsfundi | 15 |
| Eftirmæli heftisins, Þ. J. | 16 |

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfsstöðum, Borgarfirði

FORSÍÐUMYND: Stjörnuathuganastöð.

Stjörnuathuganastöð þessi er í Efra Province í Frakklandi. Þar er stjörnusjá með sjón-
gleri, sem er 1, 20 m í þvermál.

Stjörnusjóntækjum hefur farið sífellt fram síðan um 1600, að fyrsti sjónaukinn var smíðaður og varð Galílei fyrstur til að nota hann til stjörnuskoðunar (1609). Mátti þá sjá margt sem áður var augum hulið, bæði nær og fjær í geimi, og hefur hið sjá-
anlega geimsvæði margtrilljónfaldast síðan. En býsna íhugunarvert er það, að þessi framvinda hófst ekki fyrr en eftir að skilningurinn á eðli stjarnanna og ómæli geims-
ins var borinn fram af Giordano Brúnó um 1585. Varð sú skilningsundirstaða honum tilefni til margháttaðra fyrirsagna um stjörnufræði, sem nær allar hafa réttar reynzt. Mætti svo að orði kveða, að framþróun stjörnufræðinnar síðan hafi aðallega verið í því fólgin að staðfesta kenningar Brúnós, líkt og þróun Íslenzkrar jarðfræði er nú aðal-
lega fólgin í því að staðfesta kenningar Helga Pjeturss, að honum ónefndum þó oft-
ast nær, svo sem einnig átti sér stað um Brúnó.

Á síðari hluta 19 aldar fóru stjörnuathuganastöðvar smámsaman að taka á sig það hvelfingarlag, sem sjá má á myndinni, og var það að vísu ekki óþekkt áður, en fá-
títt. 1862 sendi hinn ungi Flammaríon frá sér bókina Fjöldi hinna byggðu hnatta. Vakti bókina mikla eftirtekt og varð víðlesin og hefur óþafað haft mikil áhrif á fram-
faraanda aldarinnar. Amerískir milljónamæringar gáfu stórfé til stjörnurannsóknar, og risu þá hinar miklu hvelfingar víðsvegar um þá álfu, og er stjörnusjáin á Palomar hámarkið í þeirri þróun. Það mætti láta sér til hugar koma að þetta hvelfingarlag, sem auðvitað á sér sínar eðlisfræðilegu orsakir, stæði í einhverju sambandi við hvelf-
ingarlag stjörnusambandsstöðva, því á síðari árum hefur sú sambandsvitneskja komið fram, úr ýmsum áttum, að þær hafi þá logun. Mætti þá líta á hvelfingar stjörnuat-
huganastöðvanna, sem forboða og fyrirrennara þess, sem koma skal.

ÚR RITGERÐUM EFTIR PÉTUR GÍSLASON.

Á liðnu sumri hefir Pétur Gíslason á Eyrarbakka sent mér ritgerðir eftir sig, og birtast nú hér í blaðinu kaflar úr þeim ásamt líttilli greinargerð minni. Skilning efnapræðinnar nefnir hann þessar ritgerðir sínar í heild, og kom mér orðalag þeirra og hugsun mjög ókunnuglega fyrir í fyrstu. Þó kom mér undir eins í hug, að höfundur kynni þarna að vera í nánd við einhver ókunn sannindi, eins og oft hefir átt sér stað um goðmáluga menn, og að ritgerðirnar kynnu því að vera forboði um slíkt. Það er einmitt ekki ólíklegt, að næst á eftir uppgötvun lífsbandsins á milli stjarnanna, komi fram einhver nýr skilningur á eðli og undirrót efnisins og þá á þann hátt, að það hafi stórum meiri þýðingu en sú efnisfræði, sem menn þegar hafa öðlast. Það mætti jafnvel láta sér detta í hug, að fyrir slíka þekkingu eða skilning mætti þegar í upphafi eða við byrjunardrög til sköpunar nýrra heimshverfa koma í veg fyrir slíkar rangstefnur, sem hér hafa orðið og verða vilja á öllum útgörðum. Menn vita nú, að öll drög til þess, sem hver lifandi verður eða getur orðið, eru falin í erfðastofnum hinna fyrstu frumuhluta, og er ekki óhugsanlegt, að mönnum auðnist einhverntíma að vinna þar hið bezta úr þeirri sögu, sem þar er skráð, svo að einungis það geymist framtíðinni. Og ef til vill kann mönnum og guðum að auðnast eitthvað líkt varðandi þetta, sem allt byggist á, sjálft efnið, og skal nú aftur vikið að ritgerðum Péturs.

Minnstu hlutirnir heitir byrjunar eða fyrsti kaflinn, og getur hann þess þar, að í fornöld hafi þeir hlutir verið nefndir atómur, sem á íslenzku þýði óskiptandi, enda séu þeir óskiptanlegir á annan hátt en þann að hætta að vera til. Sameinunina skilst mér, að Pétur telji vera byrjun allrar hafningar, og bendir hann á í því sambandi, hversu upphaf hvers lifanda verður þannig. Þar næst rekur hann í hliðstæði við vatnið, sem verður til við samruna einskunar tvenningar, sögu vitundarinnar, og er þar niðurlagið á þessa leið:

"Mannamálið brotnar, þegar það gengur fram. Stofnar orðanna haldast, en endingarnar og framburðurinn týnist. Í flutningi sínum spinnur mannsefnið þræði. Í flutningi sínum hnígur ísinn af fjöllum og spinnur þá jökulþræði. Mannsefnið flyzt á milli stjarnanna. Á öðrum stjörnum á fjöllum uppi eru guðirnir. Af himinfjöllum hníga heilög vötn og spinna manns-efnisþræði og alls-lífsþræði. Heilög vötn eru gríska orðið nús, vitið, sem kemur til og skipar niður. Þau eru orðið í upphafi Jóhannesar guðspjalls. Án þess er ekkert til. Heilög vötnin eru hypersóonorðið."

Í næsta kafla leitast Pétur við að skilja þann mun, sem er á guði og djöfli út frá mismunandi efnasamruna, og hefir þar til hliðsjónar, hversu sameining súrefnis og kolefnis verður logi eða ljós í stað hins banvæna kolsýrings, sem verði af því, að kolsýra gengur aftur í samband við kolefnið. Og um árangur eða afleiðingu hinna réttu sambanda kemst hann svo að orði :

"Þegar sameinast súrefni og kolefni, er hraðinn aukinn. - Þá er leikið á söngfæri litanna, enzymanótturnar, stigann frá hitanum til ljóssins. Mennirnir eru eldfæri. Í mönnunum liggur guðsorðið, súrefnis og kolefnis-sameiningarverkfærið og verkfæri orðsins. - Ef þeir fylgja orðum verkfæranna, gerist eðlisþroski þeirra. (Hann gerist), ef þeir fylgja hypersóonsorðinu. Ef þeir (hinsvegar) hafa óvilja á hypersóon, þá fellur á þá úrgangsefni. - Þá gengur kolið í samband við kolsýruna og myndar kolsýring og svart kol. Frásögurnar af svörtum djöflum helvítis sannast á þessu. Sagan af mannum, sem gat ekki vaknað eftir dauðann af því að hafa verið í lífinu trúlaus, sannast af þessu. Frásögurnar af fýlunni í helvíti sannast af þessu. Frásögurnar af því, að menn komast undireins í breytingu þeim til bóta, þegar þeir sýna ræktarviðleitni, reyna að gera öðrum gott, sannast af þessu. Stórir jurtagarðar og trjáa, sem menn vakna í eftir dauðann, sannast af þessu. Systir mín vaknaði upp í nokkurskonar laufrólu."

Þriðji eða C kaflinn byrjar þannig :

Helgi Pjeturss hafði spurt sjálfan sig : Hvað er það að sofa? Hvernig stendur á því, að ég þarf að sofa? Helgi Pjeturss fann það með því að rannsaka drauma sína, að inn í líkamann kemur næring í svefninum frá framliðnum mönnum, sem komnir eru til annarra stjarna. - Vatnið og súrefnið eru einnig næringarefni, sem notast og fara svo burt. Menn þyrstir í þau, þegar þá vantar þau. - Næring svefnsins er lífsinsvatnið, sem menn þyrstir í, þegar þá vantar það. Lífsinsvatnið eru orð Jesúsar frá Nasaret. Orðin, sem fram ganga af guðs munni, eru einnig hans orð um næring lífsins...."

"Laxnes býr við gott orð. Helgi Pjeturss bjó við öfugt orð."

Ritgerðir Péturs verða væntanlega varðveittar hjá Félagi Nýalsinna, og geta þá þeir, sem vilja, fengið að kynna þeim nánar þar.

P. J.

MARKVERÐUR FYRIRBURÐUR.

Nýalssinni sem fór á fund þann eða athöfn, sem spíritistar og andspíritistar (kirkjulegir) héldu sameiginlega í Neskirkju 3. nóv. sl. varð fyrir þeirri skemmtilegu reynslu nóttina eftir, að hann dreymdi svifdraum. Sagði hann, og annar sem með honum var, frá þessu á tilraunafundi 17 Nýalssinna daginn eftir, og jafnframt greindu þeir nokkuð frá málflutningi prestanna, sem fram-sögu höfðu á umræddum fundi. Töldu þeir prestum yfirleitt hafa mælt vel og skynsamlega, þótt það væri nokkuð með sínum hætti hjá hvorum þeirra. Hafði sá sem andatrúnni fylgdi sagt, að ekki þyrfti að taka mark á banni Mósebókar við sambandi við framliðna, og mælti hann með því að ástunda slíkt samband. Hinn sagði að þessi mál kæmu ekki kirkju eða kristindómi við, heldur ættu þau að vera viðfangsefni vísindanna, og bar hann þannig hvorki á móti raunveruleik fyrirbrigðanna, né því að þau væru rannsökuð. Báðir voru þannig meðmæltir rannsókn, og þá um leið því að menn, a. m. k. einhverjir menn, gefi sig við fyrirbær-unum, og þarf þá ekki öðru við að bæta en því, að hver maður er sjálfum sér vísindamaður. Hver sá sem fer á miðilfund eða gerir sambandstilraun í þeim tilgangi að leita skilnings eða staðfesting-ar, er með því að stunda vísindi, því vísindin eru umfram allt skilningur. En þó er annað fleira til slíkra tilrauna að sækja, en það er magnan sú og lifsörvun, sem þeim getur fylgt þegar vel tekst.

Andatrúarmenn halda, að reynsla sú sem hér er nefnd svifdraum-ar, sé fyrirburður þess eðlis, að sál einstaklingsins losni úr líkamanum og leiki laus. Skilningur minn á fyrirbærinu er á annan veg. Ég lít svo á, að félagi okkar, sem drauminn dreymdi, hafi komizt í samband við einhvern, sem nær tókum á krafti, sem hefur hann yfir áhrif aðdráttarafldsins, og gerir honum fært að svífa yfir jörðu. Og eins og hver maður getur séð, eru allar líkur til, að sá draumgjafi sé íbúi annars hnattar.

P. G.

UM SPÁDÓMA.

Eins og ég tek fram í eftirmæli 23. heftis félagsblaðsins, þá er meir en hugsanlegt, að trú á spádóm geti greitt fyrir framkomu hans, og er það þó mikill misskilningur, eins og fram kom í grein um spádóma, sem birtist í Mbl. þann 3. júlí s.l., að þar með sé fengin öll skýring á því að spádómar rætist. Var í grein þessari, sem var eftir franskan höfund, André Maurois, sagt frá tveimur dæmum skýringu þessari til stuðnings, og var fyrra dæmið á þá leið, að maður, sem átti fyrir höndum að

fara yfir vatnsfall nokkurt, mætti spákonu, sem leit í lófa hans og sagði um leið með hryggðarsvip, að hún sæi fyrir drukknun. En þótt hugsanlegt sé, að það hafi heldur getað greitt fyrir því að spádómur þessi rættist, að hún bar hann fram við hlutaðeiganda, þá liggur hitt þó nokkurn veginn í augum uppi, að hann hefir verið sagður einungis vegna hugboðs, og að skýring grein-arhöfundar nægir því ekki. Og sé nú litið á seinna dæmið, þá kemur þar enn skýrar fram vanskilningur hans á eðli spádóma. Var það dæmi á þá leið, að ungur, illa staddur rithöfundur fer í öngum sínum til spákonu, sem spáir fyrir honum nokkurn veginn á þá leið, sem síðar varð og það bráðlega. En þegar spáin er að rætast eða hefir rættzt, tekur rithöfundurinn eftir nokkru, sem honum hafði orðið á. Þegar spákonan, sem þóttist reikna út frá afstöðu stjarnanna á fæðingarstundu hvers hlutaðeiganda, hafði spurt hann um fæðingarár, dag og stund, þá hafði honum orðið það á að segja 1905 í staðinn fyrir 1904, sem var hið rétta fæðingarár hans. Og þarna var það nú einmitt, að grein-arhöfundur þykist finna meginrök sín fyrir því, að í rauninni hafi spádómurinn ekki verið annað en markleysa, þó að hann kæmi fram. En hitt, sem grein-arhöfundur gerir sér ekki ljóst, er það, að útreikningur kerlingarinnar var ekkert aðalatriði. Hvernig afstaða stjarnanna var á fæðingardegi rithöfundarins, skipti engu máli. Hitt, sem máli skipti, var einungis það, að kerlingin fékk hugboð um leið og hún viðhafði sína aðferð, og þurfti því engu að spilla, þó að rithöfundurinn segði í ógáti rangt til um fæðingarár sitt. Hitt er aftur á móti hugsanlegt, að það hefði getað truflað spákonuna, ef hann hefði gert það vitandi og af ásetningi, því að ekki er sama, hvaða hugarfari spáendurnir mæta. Og hvaðan er það nú, sem ætla verður að spávitneskjur stafi og annað slíkt? Einfaldlega ætti öllum að geta verið það ljóst, að slíkar vitneskjur hljóta að stafa frá einhverjum, sem betur vita en jafnvel hinir vitrustu meðal jarðarbúa, og verður þá auðvitað óhjákvæmilegt að álykta svo um leið, að einhverjir slíkir muni vera til. Það er ákaflega ótrúlegt og fjarri því, sem líklegt er, að hvergi séu lifendur nema á þessu eina smástirni, sem jörðin er, og að engin vitundasambönd geti átt sér stað út fyrir hana.

Þorsteinn Jónsson.

ARÉTTING.

Óhugsanlegt þykir mér annað en að skynjanahæfileikar allra manna séu í grundvallaratriðum hinir sömu, og að allt tal um "röntgenaugu" og annað slíkt sé því á misskilningi byggt. Það sem er ósýnilegt, hlýtur að vera jafnósýnilegt allra augum, og þó að stundum komi á ljósmyndaplötur myndir af látnu fólki,

þá held ég að einnig þar hljóti hið sama að gilda að mestu. Augu og ljósmyndatæki snertir það eitt, sem ljós brotnar á og sýnilegt er, og hefi ég því varðandi þessar furðumyndir látið mér detta í hug eitthvað hliðstætt skilningi mínum á eðli skyggni eða ófreskis. Fjarmyndun einhverskonar eða myndflutningur hefi ég hugsað mér að þar ætti sér stað, og skal hér nú getið um athugun því til stuðnings.

Út yfir gröf og dauða heitir bók, sem gefin var út að tilhlutan Sálarrannsóknarfélags Íslands fyrir um það bil hálfri öld, og las ég hana nýlega eftir að hafa þó lesið hana áður fyrir mjög löngu. Er í bók þessari sagt frá mörgum óyggjandi sönnunum varðandi framlíf, og skal það ekki rakið hér. En nálægt bókarlokum er sagt frá því, að mynd af svipi, sem hafði vitanlega ekki verið sýnilega viðstaddur myndtökuna, muni ekki hafa komið fram samtímis myndinni af mannum, sem sat fyrir. Var þarna notuð rúmsæismyndavél, og varð myndin því rúmsæismynd, nema af svipnum. Myndin af honum varð eins og í venjulegri myndavél, og er fullyrt þarna af athuganda, að hún hafi alls ekki getað komið gegnum sjónglerið og því ekki þurft neina myndavél til þess að verða til.

Eins og ég sagði, þá kom bók þessi út hér á landi fyrir um það bil hálfri öld, og eru þó dæmin og athuganirnar, sem hún segir frá, miklu eldri. Hún er samin af enskum presti, Charles L. Tweedale, að nafni, og varð mér við lestur hennar ljóst, hve algjörlega framfaralaust hefir verið á leiðum anda-trúarmanna. Framlíf einstaklinganna er þarna boðað með meiri djörfung en mér virðist nú vera gert enda er við slíku að búast. Þegar hin "dularfullu fyrirbæri" hófust árið 1847 var vitanlega stefnt að því einu, að stjörnulíffræði kæmi fram. Það var ekki einungis, að ýms fyrirbæri færu þá að koma fram meir en áður, heldur fóru þá einnig sumir hinir merkustu vísindamenn að veita þeim athygli og rannsaka þau. Og þar sem það þó ekki varð, sem til var stefnt, þá gátu framfarirnar ekki tekizt. Og um höfund bókarinnar má segja líkt og um sjálfa hreyfinguna. Jafnframt því að vera prestur var hann einnig stjörnufræðingur og fann eitthvert sinn halastjörnu fyrir tilvísan sambandsveru. Hann talar jafnvel um það í upphafi bókarinnar, að nauðsynleg undirstaða til skilnings á hinum furðulegu líffræðifyrirbærum miðilssambandanna sé að hafa gert sér grein fyrir mikilleik heimsins. Sá skilningur, að óteljandi jarðir aðrar en þessi hljóti að vera byggðar lifandi verum, finnst honum að þar verði að koma til grundvallar, þó að hinsvegar verði biblíukenningarnar og andatrúin uppi á teningnum hjá honum. En þótt sjá megi þarna, að betur muni hafa verið stefnt fyrir 50 til 100 árum, þá er með því ekki öll sagan sögð. Þrátt fyrir allt náði stjörnulíffræðin að koma fram,

einmitt þetta, sem stefnt var til, en menn hafa verið svo ótrúlega seinir til að átta sig á og skilja.

Dorsteinn Jónsson.

STUÐLAR OG RÍM.

Auðvitað stafar það mest af ólæsi mínu á útlend mál, að mér hefir nálega aldrei tekizt að læra ljóð eða vísu nema á íslenzku. En þó kemur þar einnig annað til greina. - Fyrir skömmu var ég eitthvað að rýna í safnbók þýzkra kvæða frá ýmsum tímum, (en þýzku lærði ég örlítið að skilja vetur, sem ég dvaldi suður í Sviss fyrir löngu), og rakst ég þar á erindi stuðlað að mestu að íslenzkum hætti. En nú brá svo við, að er ég hafði lesið vísuna, kunní ég hana að mestu, og sýnir það bezt hjálp stuðlanna, að einmitt það í henni, sem ég gat ekki haft eftir, var sá hluti, sem ekki hafði stuðlast. En auk þess að vera hjálp til þess að muna svo sem líklega hefir verið tilgangurinn með stuðlana í fyrstu, mætti líka láta sér detta í hug, að þar með sé ekki allt gildi þeirra talið.

Ég hefi einhverntíma, líklega í Íslenzkri stefnu, getið um spávitneskju, sem ég taldi mér hafa borizt fyrir ástæði ríms, og skýrði ég þar útfrá því ýmislegt varðandi áhrínsorð og kraftakveðaskap. Taldi ég, að slíkt hafi löngum fremur verið spádómsorð en áhrifa, og skal hér ekki horfið frá því. Ég tel t. d. auðsætt, að dæmið, sem ég nefndi þar og varðandi var breytingu á veðri, hafi einungis verið spádómur. Kom hann fram í vísuhelmingi, sem rímaðist við áðurortan vísuhelming, og gefur slíkt ástæðu til að ætla, að í rímuðu máli geti menn orðið goðmálugri en ella. En hví skyldi þó ekki einnig geta komið til greina meira áhrifamagn rímaðrar en órímaðrar hugsunar.

Í ófullkominni orðun má víst stundum skynja glóð heitra skapsmuna og sannsækinnar hugsunar og mun slíkt þá jafnan einnig hafa birzt í framkvæmd og látbragði. En nær sanni mun þó hitt, að takist ekki að orða einhverja hugsun svo að vel sé, hljóti hún að einhverju leyti að vera ófullburða. Sannleikurinn er, að hugsun, sem ekki hefir verið orðuð, er í rauninni ekki orðin til, og mætti því liggja í augum uppi, að vel orðuð hugsun muni að öðru jöfnu vera öflugri og áhrifavænlegri en vanorðuð eða illa. "Nokkur kraftur og ekki lífill fylgir góður máli," segir Helgi Pjeturss á einum stað í Nýal sínum, og í viðtali við mig einhverntíma sagði hann, að það að ríma hugsanir sínar ætti rétt á sér. Benti hann í því sambandi á, að án rímsins hefði t. d. Gunnarshólmi Jónasar Hallgrímssonar ekki getað orðið slíkt listaverk sem hann er. Það var vitanlega

Þessi sérstaki þokki, á öllu málfari Jónasar, sem gerði hann einhvern áhrifamesta og áhrifabezta mann níttjándu aldarinnar hér. En er þó ekki ástæða til að ætla, að án þess að vera ljóðskáld á þann hátt, sem hann var, stuðlari og rímari, hefði sá þokki notið sín miður og orðið áhrifaminni.

Vel get ég fallizt á það, að skáldskapur og skáldskaparform eigi að breytast og þróast eins og átt hefir sér stað hjá sjálfu lífinu. Það er vitanlega ekki heillavænlegt að standa í stað í því efni fremur en öðrum. En rétt þróun er ekki það, sem nú er að miklu leyti stefnt til í skáldskap. Hún er ekki það að hverfa aftur til apastigsins eftir að komizt var loks á mannsstigið. Það sem gerði hin beztu ljóð minnisstæð og áhrifarík, á ekki að falla niður, heldur verða hafið á herra stig, svo að hvort tveggja fari saman, aukið orðfrelsi og aukin tengsl. Ljóð hinnar góðu framtíðar munu verða auðlærð og minnisstæð, frjálslega og einfaldlega ort og þó háttbundin og stuðluð, því að eins og öllum mætti vera ljóst gerir slíkt þau auðfluttari og heyranlegri. Ljóð hinnar góðu framtíðar munu verða samkvæmt því, sem til er stefnt með lífinu, form, sem bætir æ við sig til fegrunar og fellir ekki niður annað en annmarka. Og áhrifamagn þeirra mun verða æ því meira, sem þessi þróun þeirra kemst á herra stig. Samhljómun og samskipan til æ fullkonnari sambanda er það, sem þá verður stefnt að eingöngu, og mun ljóðlistin eins og líka hljómlistin verða þar áhrifamiklir þættir. Það mætti jafnvel hugsa sér, að þá verði jafnan hinu mikilvægasta hrundið fram fyrir kraft ljóðs og stuðla.

Þorsteinn Jónsson.

SVIFDRAUMAR.

I.

Mig dreymdi, að ég var á ferð með öðrum manni, sem mér þótti vera Guðjón Magnússon, frændi minn á Kjörvogi. Við gengum og leiddumst. Hann var við vinstri hönd mína. Landið var fremur slétt, þar sem við gengum um, en þó ekki vegur. Maðurinn hafði annað útlit en Guðjón frændi minn. Þó get ég ekki lýst honum að gagni, til þess var draumurinn of óskýr, eða eins og í hálfgerðu rökkri, eins og oft er í draumum. Við gengum eða hlupum við fót, og ég fann að ég var mjög léttur á mér, svo að ég þurfti varla að koma við jörðina. Ég vildi því reyna að svífa í stað þess að ganga. Ég einbeitti því huga mínum í þessu skyni. Síðan beygði ég mig í hnjánum, svo að fætur mínir snertu ekki jörðina, og mér tókst að svífa svona rétt yfir jörðu. Við héldum svona áfram, og leiddumst eins og áður. Hann gekk eða hljóp en ég leið áfram við hlið hans.

Loks komum við að allstöru húsi og fórum þar inn. Ekki var það ólíkt hlöðu eða stórri skemmu að innan, hæðin undir mænir svo sem 4 mannhæðir, lengd hússins svo sem 10 faðmar og breiddin svo sem 5 eða 6 faðmar. Þetta er nú auðvitað ónákvæmt mál, en mér finnst samt að ég geti metið stærð hússins að innan, eftir svipuðum leiðum, og maður reynir oft að gera í vöku, er maður kemur á ókunnan stað, og reynir stundum á eftir að gera sér nánari grein fyrir stærð og öðru útliti.

Inni í þessu húsi var eitthvað af fólki, m. a. nokkur börn, á að giska 5 til 7 ára eftir stærð að dæma. Er ég kom inn, sagði ég við félagaminn: "Tókstu eftir því, að ég gekk ekki við hlið þér, ég sveif". Hann gaf lítið út á þetta. En ég sleppti hendi hans og sveif inn eftir gólfinu. Börnin, sem þarna voru, komu nú til mín og vildu, að ég tæki þau upp til að fá að svífa með mér. Tók ég fyrst tvö, sitt á hvorn handlegg, og sveif með þau um húsið, lágt yfir gólfi. Fannst mér allerfitt fyrst að halda mér á lofti með þessa byrði, en brátt varð það auðveldara. Og þar sem fleiri börn vildu vera með, leyfði ég nokkrum þeirra enn að hanga utan í mér. Tókst nú svifið enn betur en áður. Fór ég fram og aftur um húsið, hátt og lágt, stundum upp undir þaki, með alla krakkana hangandi utan um mig. Þótti þeim þetta auðsjáanlega mjög gaman. Ég þóttist stjórna för minni um húsið, með hugarkrafti einum saman, og tók allskonar beygjur og sveigjur.

Þennan hugarkraft fann ég greinilega, fann að ég gat beitt honum, til að stjórna ferð minni, ekki síður en við kunn-um að beita líkamskrafti okkar við ýmsar athafnir, sem við tökum okkur fyrir hendur.

Nú var kallað til mín, að ég skildi reyna að taka fleiri með. Kom ég þá aftur niður, og ferðafélagi minn, reyndi að ná einhversstaðar tökum á mér, svo að einnig hann gæti svifið. Fann ég að nú þyngdist verulega hjá mér, og lagði ég mig allan fram um að lyfta honum ásamt öllum hinum, sem áður héngu á mér, frá jörðu. Það tókst, en þó mjög seinlega og með miklum erfiðismunum. Endaði svo draumurinn.

Eitt er athyglisvert við draum þennan, en það er, hvað draumgjafa mínum veitist auðvelt að svífa, eftir að hann hefur tekið með sér í flugið nokkurn hóp ungra barna. Mun það stafa af sammagnan og samstillingu hans og þeirra, sem fyrst og fremst orsakast af því, að þau treysta honum, til að geta látið þau svífa með sér.

Ingvar Agnarsson
dreymt 2. jan. 1967.

LJÓSHNÖTTUR Í DRAUMI.

Mig dreymdi að ég stóð úti ásamt fleira fólki. Nálægt okkur var allhátt fjall, og horfðum við upp eftir því. Allt í einu kom í ljós, ofarlega í fjallinu, stór ljóshnöttur. Hann var hnattmyndaður að öðru leyti en því, að neðsti hluti hans var flatur. Hann var allstór í þvermál, a.m.k. um 10 faðmar, gæti ég giskað á eftir fjarlægð, þeirri, sem hann var í. Hann var tiltölulega sléttur að utan, nema helst að neðan; þar virtist vera meiri ákyrrð á útjaðri hans. Hnöttur þessi var mjög bjartur, þó ekki eins og sæi í bjart ljós. Hann hreyfðist frá vinstri til hægri, eða frá austri til vesturs að mér fannst, og fór lágt yfir brún eina, sem þarna var í fjallinu. Eftir að hafa þannig liðið eftir brúninni nokkur spöl, staðnæmdist hnötturinn. Fór nú að koma meiri hreyfing eða ólga á hann, og varð yfirborð hans allt í hnökrum eða smátungum. Ólga þessi jókst óðfluga. Svo skipti það engum togum, að hnötturinn eins og splundraðist og hvarf algjörlega á einu andartaki. En þar sem hann hafði verið stóðu nú margir menn í hnapp. Þeir fóru bráðlega á hreyfingu, og gengu af stað niður eftir rana einum, sem þarna var í fjallinu. Fjarlægðin var ekki meiri en svo, að ég gat virt þá allvel fyrir mér. Fannst mér útlit þeirra og klæðaburður nokkuð einkennilegur.

Meðan ég horfði á ljóshnöttinn og þá breytingu, sem á honum varð, minntist ég þess, að nokkrum sinnum áður hafði ég orðið sjónarvottur slíkra atburða. Þótti mér ég stundum hafa séð miklu tegurri verur, en þarna var um að ræða. Þó fannst mér mikið til um það, sem þarna hafði gerzt.

Draumurinn var ekki lengri.

2.6. 1968

Ingvar Agnarsson.

ÍSLENZK FRÆÐI OG ERLEND.

Eins og Adam Rutherford hefur bent til í spádómi sínum, þá verður það án efa á Íslandi, sem örlög mannkynsins ráðast til úrslita, og geta þau úrslit vitanlega ekki oltið á öðru en framgangi þekkingar. En eins og lesendur Nýals hafa gert sér ljóst, þá hefur sá framgangur verið tafinn meðal annars með einu og öðru sem haldið hefur verið fram í nafni þekkingar og vísinda. Það hefur nægt til að tefja fyrir hinu sanna, að halda fram röngum hugmyndum undir því yfirvarpi að þær væru vísindalegar.

Þannig var þeirri kenningu, að ekki væru reikistjörnur með neinni sól nema þessari, mjög fúslega veitt viðtaka og framhaldið hér um 1930, af Ragnari E. Kvaran, sem nú er látinn og orðinn íbúi eins þessara hnatta, sem hann hugði að engir væru til. En það er sagt að mörgum framliðnum gangi seint að átta sig á dvalarstað sínum, og mun það vitanlega ekki greiða fyrir þeim að hafa í frumlífi tekið slíka afstöðu sem þessi maður gerði. Af rannsóknum stjörnufræðinganna á öðrum sólhverfum er það annars merkast að frétta á síðari árum, að tekizt hefur að finna örugga sönnun fyrir tilveru einstakrar og tiltekinnar plánetu við nágrannasólstjörnu (Barnards-stjörnu, í 6 ljósára fjarlægð) og var þar með kenningunni um einstæði sólhverfisins endanlega hrundið.

Önnur kenning sem ennþá meira mátti sín, og ennþá greinilegri bending virðist vera um, að beinlínis sé setið um að villa um fyrir mannkynjum frumlífsjarða, var hin svonefnda afstæðiskenning, sem átti að hafa til þess að ekkert færi hraðar en ljósið. Það er eftitæktarvert, hvernig áhrif þeirrar kenningar hafa verið að smádvína á undanförunum árum, og þó aldrei meir en á þessu ári og hinu fyrra. Það er haft fyrir satt að eðlisfræðingar séu nú mjög að hugleiða það, að til muni vera orkusambönd miklu hraðgeislaðri en ljósið, og er tilnefndur dr. Gerard Feinberg, þýsk-amerískur prófessor við Yale háskóla. En áður hafði ég lesið um dr. Richard Feynmann, sem borið hafði fram eitthvað líkt út frá eðlisfræði, á þingi fyrirburðafraeðinga í New York í fyrra.

Fyrirburðafraeðinni, (þa rapsychology) hefur vaxið mjög fiskur um hrygg á síðustu árum, einkanlega á þann hátt að hin óbilgjarna andstaða gegn henni virðist hafa farið út um þúfur að töluverðu leyti. Þegar deilur urðu hér fyrir nokkrum árum um "dulræn" fyrirbæri, þ.e. sambandsfyrirbrigði og annað þeim viðvíkjandi, munu fæstir hafa gert sér ljóst hversvegna hinir lærðu voru svo óbilgjarnir að neita þarna staðreyndum. En það var af því að þeir höfðu að bakhjarli almenningsálit menntamanna erlendis og fylgdu því í einu og öllu. Um 1920 til 1930 voru sálarrannsóknir töluvert stundaðar af kunnum og virtum mönnum víða um lönd, en vegna þess að menn daufheyrðust við þeim leiðbeiningum, sem bárust frá hinum yztu löndum, gerðust óhöpp og mistök, sem spilltu fyrir. Á fjórða áratugnum dró heldur úr mönnum um þessar rannsóknir og enn meir á hinum fimmta, en á sjötta áratug var afturförin hvarvetna auðsæ. En jafnframt þessu var þó lögð undirstaða nokkurs konar framfara í þessum efnem, við það að sálarrannsóknir færðust yfir í það að heita fyrirburðafraeði. William McDougall, frægur sálfræðingur og líffræðingur í Bandaríkjunum, kom því til leiðar árið 1934, að komið yrði upp rannsóknadeild um þessi efni við

háskóla þann sem hann starfaði við. Þjó hann svo um hnútana, að ekki yrði auðgert að hrekja þann frá sem við þetta fengizt, og ráði til starfs vaskan sálfræðing, dr. Rhine. Hefur dr. Rhine gegnt þessari stöðu síðan og þraukað hvað sem á gekk, þangað til hann sagði starfinu lausu í vor fyrir aldurs sakir. Það mætti segja að hinar kunnu "spilaágizkanir" dr. Rhines hafi ekki verið ýkja merkilegar eða gert ljósara yfir viðfangsefnin en áður var. En þýðing þeirra er sú, að þarna var maður í góðri aðstöðu, sem gat borið fram niðurstöður sínar sem háskólafræði, og hafði það auðvitað sín áhrif. - Þegar fyrirburðafræðum fór að aukast fylgi að nýju upp úr 1960, í ýmsum löndum, vitnuðu menn gjarnan í það, málum sínum til stuðnings, að dr. Rhine segði að hugsamband gæti átt sér stað, og var þetta allt saman stutt margbreyttum líkindaútreikningi og öðru sem til þykir heyra. Lengra en þetta er nú ekki komið, á þeim vettvangi, en það er auðvitað töluverður munur, að áhrifavald vísinda og háskólafræða leggst nú ekki lengur allt á þá sveifina að neita veruleik fyrirbrigða.

Þorsteinn Guðjónsson.

FUNDARGERÐIR.

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna miðvikudaginn 3. júlí 1968 að Laugavegi 24. Formaður setti fundinn um kl. 9.30 og bauð fundarmenn velkomna. Að beiðni formanns las Hálf dán Eiríksson úr Framnýal greinina Um aldamótin 2000. Benti formaður á að í þessari grein sem rituð er fyrir 35 árum, kæmi fram að þá hefði verið batnandi veðurfar hér á landi gagnstætt því sem nú virtist vera að verða.

Nokkrar umræður urðu síðan um uppruna mannkynsins og sögu lífsins, og hversu hliðstæð þróunin mundi hafa orðið á öðrum hnöttum. Tóku þar til orða Ingvar Agnarsson, Hálf dán Eiríksson, Þorsteinn Guðjónsson og Valdimar Guðlaugsson, og vakti Hálf dán einkum máls á því hvort ekki mundi þróast mjög breytilega við hinar ýmsu aðstæður, en hinir töldu að þróunin mundi vera samstefna á hinum ýmsu hnöttum, þannig að eitt stigið í þróun hvers hnattar hlyti að vera að fram kæmi vera í mannsmynd, en þó mundi vera óendanleg fjölbreytni.

Talið barst að þýddri grein sem birzt hafði í Þjóðviljanum 2. júlí. Var sagt frá því að eðlis- og stjörnufræðingar í Englandi hefðu náð á tæki sín merkjum utan úr geimi, og hefðu komið merki frá 4 stjörnum eða sólhverfum, og virðist óhjákvæmilegt að ætla að þeim merkjum muni vera stjórnað. En það kom fram að þeir verða ókvæða við þegar þeir fá þetta, og láta sér jafnvel detta í hug að banna frekari rannsóknir, og bera því fyrir sig að sjörnuþúar kunni að vera óvinveittir!

Þá var rætt um fljúgandi diska, hvað vera mundu, og kom mönnum saman um að þarna væri um að ræða sambandssýnir til annarra hnatta en stundum líkamningafyrirbæri þaðan, þ.e. þegar sambandsaðdragandinn væri sem öflugastur, enda er ekki nærri alltaf um "disk"-lag að ræða á fyrirbærunum. I.A. og Þ.G. sögðu að alls ekki mundi vera um að ræða farartæki sem sigldu yfir geimdjúpið, en stundum er auðvitað um að ræða missýnir vegna einhvers sem er á lofti og menn ekki þekkja.

Minnzt var á byggingamálin, og nefndi Ingvar það að pall þann sem teiknaður væri yfir dyrum hússins, mætti stækka og hafa þar svalir til að ganga út á til stjörnuskoðunar, enda mætti breyta gluggum þeim, sem ættu að vera yfir pallinum í dyr, sem lægju inn á ganginn.

Sigurður sagði að fullgerð mundi stöðin kosta hálfa aðra miljón og vantaði enn fulla tvo þriðju þeirrar upphæðar. En byggingunni miðaði vel áfram og væri langt komið að steypa.

S.H.

Félag Nýalssinna hélt fund miðvikudaginn 7. ágúst 1968 á Laugaveg 24. Formaður bauð fundarmenn velkomna, en því næst las Kristján Kristjánsson upp úr Viðnýal greinina Framtíð Reykjavíkur. Vakti formaður síðan máls á því að þarna væri bent til þess sem nú væri verið að gera, en það er að reisa stjörnusambandsstöð. Var síðan nokkuð rætt um það mál og sagði Sigurður Ólafsson það vera mark til að keppa að að koma byggingunni upp á þessu ári. Sagði hann ævifélaga vera orðna 30, en að auki hefðu fáeinir félagsmenn greitt ævifélagsgjald, en um eða yfir hundrað manns standa að húsinu með fjárframlögum, sagði Sigurður. 7 manns sátu fundinn.

Sveinn Haraldsson.

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna miðvikudaginn 2. okt. 1968 á Laugavegi 24.

Formaður setti fundinn kl. 9.30, og bauð menn velkomna, og sérstaklega þó þá fjóra, sem ekki hefðu áður sótt fundi félagsins, en meðal þeirra var Pétur Gíslason frá Eyrarbakka, sem lengi hefur lagt mikinn hug á málefni Nýals, og bróðir hans Sigurður Gíslason, einnig frá Eyrarbakka.

Að beiðni formanns var síðan lesinn kafli úr Nýal, og varð fyrir valinu greinin "Rannsóknir á eðli drauma og möguleikar draumlífsins", úr Framnýal. Á undan og eftir var rætt um eðli

drauma, ennfremur hinna svonefndu sálfara og fleira. Nýir fundarmenn sögðu frá draumum, sem þá hafði dreymt, og voru þeir síðan skýrðir út frá draumakenningu Nýals. Einnig var bent á hvernig uppgötvunin á eðli drauma skýrir eðli þeirrar reynslu, sem vakið hefur trúna á sálfarir. Sigurður Ólafsson sagði frá dæmi úr eigin reynslu, sem mun vera algerlega sama eðlis og það sem kallað hefur verið sálfarir, en honum var fyllilega ljóst að það sem honum þótti þarna vera hann sjálfur og horfa á sjálfan sig á sjúkrabörum, var í raun og veru einn af þeim sem þarna voru viðstaddir, en ekki sál hans sjálfs utan líkama. "Sálfarareynsla" hans var þannig sprottin af sambandi hans við þennan viðstadda, sem er kunnur læknir hér í borg.

Pétur Gíslason frá Eyrarbakka lagði margt gott til málanna og talaði um nauðsyn þess að kenna fræði Nýals. Þar sem þau fræði eru ekki kennd í háskóla, ætti að vera unnt að fá fræðslu um þau í þessu félagi.

Þeir sem lengra eru komnir og meira vita eiga að kenna þeim sem minna vita, sagði hann. Einnig sagði Pétur að Nýalssinnar ættu að lesa Nýal eins og kristnir menn biblíuna, þ. e. með fullu trausti á mátt hans, og tók Þorsteinn Guðjónsson undir það, og ennfremur talaði Pétur um að þeir sem daufheyrðust við málefni Nýals eða reyndu að tefja framgang þess, stofnuðu með því sjálfum sér í voða, og kvaðst vita dæmi um slíkt.

Í fundarlök var rætt um málefni félagsins, og sögðu stjórnarmenn þá frá því að afhending á húsi félagsins í Kópavogi hefði farið fram þann 27. sept., þannig að byggjendur skiluðu í hendur stjórn félagsins að afloknum greiðslum, og er stöðin þannig að fullu komin í umsjá félagsins. Sigurður Ólafsson, gjaldkeri félagsins, lét vel yfir fjársöfnuninni á þessu ári, og taldi að byggingin væri nú hrein eign félagsins eins og hún stendur, að undanskildu hinu ákveðna 150.000,- kr. láni. En eigi síðari hluti verksins að ganga jafnvel og hinn fyrri, þyrfti meiri stuðningur að berast.

Formaður sleit fundi um kl. 11. 9 manns sátu fund.

FRÁ SAMBANDSFUNDI

Á sambandsfundi 16. des. talaði Njáll (Þorgeirsson), og sagði hann þá m. a. að ljósfyribæri þau, sem menn hafa orðið varir við á Norður- og Norðausturlandi undanfarið, væru alls ekki héðan af jörðu og væru þau orðin til fyrir viðleitni þeirra á öðrum hnetti til að láta vita af sér. Spurt var, hvort nokkrir þeirra sem séð hafa fyribærin, mundu skilja eðli þeirra eða láta sér til hugar koma íslenzkar skýringar. Ekki sagðist hann búast við því, en þó sagðist hann vænta þess að þetta gæti greitt fyrir, með þeim áhrifum sem þetta hefði á hugina. Einnig sagði hann að sambands-

tilraunir okkar hér í Reykjavík hefðu að nokkru leyti skapað skil-yrði til þess að slíkum fyrirbærum yrði komið fram hér á landi, með þeirri magnhvirfingu eða aflsvæði sem umhverfis þær verður.

Þannig talaði Njáll, og verður nú auðvitað að gæta þess að samtal skapast bæði af áhrifum þeirra sem spyrja og þess sem svarar. En þegar svörin eru skýr og hiklaus og fela í sér meira en spurt er um, er mikil ástæða til að ætla að hugur standi á bak við.

Engan trúnað hef ég lagt á það, fyrr né síðar, að hinir svonefndu "fljúgandi diskar", sem oft munu vera fyrirbæri líks eðlis og þessi fyrir norðan, væru farartæki, sem siglt hefðu ljósáraleiðir um geimdjúpið með menn innanborðs. Það virðist augljóst, að hvenær sem þau fyrirbrigði eru að einhverju leyti raunveruleg, þá séu þau sambandseðlis. Ástæðan til þess að menn hafa heldur kosið aðrar skýringar er sú, að mannkynið hér á jörð hefur vantað heim-speki. Og það er verkefnið að færa því hana, samfara bættri lífsmögnun, en ráðið til að stuðla að því, er að koma upp stjörnusambandsstöð.

P. G.

EFTIRMÆLI HEFTISINS.

Fyrir löngu varð til hjá mér vísa, sem ég skildi betur síðar að felur í sér líffræðisannindi, og er hún þannig :

Hvert líf það er minning, sem minnist
og mænir í gleymskunnar höfn,
en sérhvert þess óminnisyndi,
það eykur þess minningasöfn.

En hvað kemur nú þetta því við, þegar mæla skal eftir eitthvert hefti félagsblaðsins? Ekki er þar um að ræða minningu, sem minnist á sama hátt og lifandi einstaklingur er. Heftið á fyrir sér að ónýttast án þeirrar endurnýjunar, sem einungis er hlutskipti lifandans. En þó gæti þar einnig komið til greina það, sem ekki er allskostar óskýlt hlutskipti lifandans. Þar sem hugsað er á rétta leið, er ævinlega fyrir hendi möguleiki til framhalds og aukningar. Athugun, sem í fljótu bragði kann að virðast smávægileg, getur haft í sér möguleika til að verða eins og minning, sem minnist. Hún getur leitt til annarar athugunar og aukins skilnings. Og nú læt ég þetta eftirmæli félagsblaðsins ekki verða lengra í þetta sinn, en vil aðeins mælast til þess við lesendur þess, að þeir gæti að því, hvort þeir finni þar stundum ekki eitthvað það, sem leitt gæti til framhalds og aukningar. Finni þeir þar eitthvað, sem komið gæti þeim til að hugsa eitthvað til viðbótar eða leiðréttingar, þá væri það vottur um lífsgildi blaðsins. Þá mætti segja, að það í heild eða jafnvel hvert hefti þess væri eins og minning, sem minnist, lifandi, sem bætir æ við sig.